

6. gr.

Upphaf 2. málsgr. 63. gr. (aftur að orðunum „Hlutverk skólaráðs . . .”) orðist svo: Skólastjórn er skólastjóri og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, 2 fulltrúar kosnir á almennum kennarafundi og 2 fulltrúar kosnir af nemendaráði, og hafa þeir allir jöfn réttindi. Í skólum, þar sem ekki er aðstoðarskólastjóri, kveður skólastjóri einn mann úr hópi kennara til setu í skólaráði. Fulltrúar kennara og nemenda í skólaráði skulu kosnir til eins árs í senn.

7. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sett er með skírskotun til 26. gr. laga nr. 12/1970, um menntaskóla, sbr. 81. gr. reglugerðar nr. 12/1971, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. janúar 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 21.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1971.

Tekjur:

Framlag neytenda greitt af ríkissjóði	kr. 16 000 000.00	
Ógreitt framlag neytenda skv. áætlun	— 882 000.00	
		kr. 16 882 000.00
Iðgjöld framleiðenda	kr. 73 243.20	
Ógreidd iðgjöld framleiðenda skv. áætlun	— 11 181 756.80	
		— 11 255 000.00
Framlög vegna eftirlauna:		
Ríkissjóður Íslands	kr. 4 578 411.00	
Stofnlánadeild landbúnaðarins	— 2 747 047.00	
		— 7 325 458.00
Vaxtatekjur	— 210 245.40	
		Kr. 35 672 703.40

Gjöld:

Eftirlaunagreiðslur	kr. 7 325 458.00	
Laun og önnur rekstrargjöld	— 984 246.20	
Tekjuafgangur	— 27 362 999.20	
		Kr. 35 672 703.40

Efnahagsreikningur 31. desember 1971.

Eignir:

Búnaðarbanki Íslands, innstæður	kr. 15 299 242.40	
Óinnheimt iðgjöld skv. áætlun stjórnar	— 12 063 756.80	
		Kr. 27 362 999.20

Skuldir :

Höfuðstóll kr. 27 362 999.20

Kr. 27 362 999.20

Reykjavík, 11. janúar 1972.

Pétur Sigurðsson.
framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. grein laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan rekstrarreikning 1/1—31/12 1971 og efnahagsreikning 31. desember 1971, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreindar bankainnstæður eru fyrir hendi.

Vegna þess að gjalddagi iðgjalda 1971 er aðeins einn, þ. e. 1. marz 1972, er verulegur hluti iðgjalda óinnheimtur í árslok.

Reykjavík, 11. janúar 1972.

Vigfús Gunnarsson. *Örn Marinósson.*

Nr. 22.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning árið 1971.

Tekjur :

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1971	kr. 152 418.57
2. Minningargjafir afh. 1971	— 500.00
3. Áheit A. G.	kr. 1 000.00
Gjöf Þórunnar Hafstein	— 200.00
Gjöf Guðm. V. Hjálmarssonar	— 500.00

	— 1 700.00
4. Vextir í Landsbankanum	kr. 13 445.00
Vextir í Útvegsbankanum	— 20.00

	— 13 465.00

	kr. 168 083.57

Gjöld :

1. Styrkur húsmæðrakennara til framhaldsnáms ytra	kr. 5 000.00
2. Eign sjóðsins 1. janúar 1972:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5470	kr. 162 772.20
Útvegsbankanum, bankabók nr. 10081	— 311.37

	— 163 083.57

	kr. 168 083.57

Reykjavík, 11. janúar 1972.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir reikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og höfum ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 12. janúar 1972.

Anna Gísladóttir. *Guðrún Markúsdóttir.*